

**Ed.**

**46. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri sild og sildarafurðum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri sild, sem útflutningshæf telst og veidd er hjér við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

Þá er og ríkisstjórninni heimilt að taka í sínar hendur sölu og útflutning á sildarafurðum, svo sem sildarmjöli og sildarolíu.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning sildar og sildarafurða og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyriræli um afhending sildar og sildarafurða til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði sildar og sildarafurða skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald. Af tekjum þeim, sem ríkissjóður þannig fær af söluverði, má verja alt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir sild og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar sildar og sildarafurða í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar vöru afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 50 þúsund króna sektum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 51, 15. júní 1926, svo og önnur þau lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Með lögum nr. 51, 15. júní 1926, er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að veita fjelagi sildar-útgerðarmanna einkasölu á síld til útflutnings. Var þetta mál flutt á Alþingi að tilstuðlan ýmsra hinna helstu sildarútvegsmanna, bæði norðan- og sunnanlands.

Ekkert hefir orðið úr því, að stjórnin hafi notað þessi heimildarlög; skal hjer ósagt, hvað valdið hefir. En margir voru þeirrar skoðunar, að ekki mundi slík einkasala í höndum einstakra manna ráða bót á þeim vandkvæðum, sem verið hafa og eru á útflutningi og sölu síldar. Nú virðist svo, sem fyrirkomulag þetta muni alls ekki koma til framkvæmda, en brýn nauðsyn að ráða fram úr erfðileikum sildarútvegsmanna með breyttu fyrirkomulagi á síldarsölunni. Og fyrir því er þetta frv. um einkasölu ríkisins á útfluttri síld nú flutt enn á Alþingi.

Í eldri frv. hefir einkasalan aðeins náð til síldar þeirrar, sem ætluð er til útflutnings.

En sú skoðun er allmjög uppi, að þar sje ekki nógu langt gengið, heldur þurfi einnig að taka undir einkasöluna útflutning á öllum síldarafurðum, svo sem síldarmjöli, síldarollu o. fl. Er þessu nú bætt inn í frv. En þá myndi og nauðsynlegt, að ríkið ætti eina eða fleiri hæfilega stórar síldarbræðslustöðvar, er værn nndir stjórn einkasölunnar. En þar sem verið er nú að rannsaka það mál, og árangur þeirrar rannsóknar væntanlegur áður langt um líður, þá þykir rjett að bíða með fyrirmæli um það, að ríkið taki að sjer rekstur á síldarverksmiðjum þar til framannefndri rannsókn er lokið.

Að öðrn leyti verður gerð nánari grein fyrir frv. í framsögu.